

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 335/2011

2012/EES/32/21

frá 7. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1091/2009 að því er varðar lágmarksinnihald ensímblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fóduraukefnis í fódri fyrir eldiskjúklinga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), var leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009 frá 13. nóvember 2009 um að leyfa ensímblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Aveve NV) ⁽²⁾.
- 2) Leyfishafinn lagði fram umsókn um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir fóduraukefnið þegar það er notað fyrir eldiskjúklinga, sem felur í sér að minnka ráðlagðan lágmarksskammt af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), úr 4000 XU ⁽³⁾/kg og 900 BGU⁽⁴⁾/kg í 2000 XU/kg and 450 BGU/kg. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn til stuðnings beiðninni um breytinguna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2011.

- 3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 10. nóvember 2010 að gögn úr þremur prófunum á eldiskjúklingum styðji ekki að ráðlagður lágmarksskammtur sé minnkaður úr 4000 XU og 900 BGU/kg fódurs í 2000 XU og 450 BGU/kg fódurs þar eð greining á fóðrinu leiddi í ljós að farið var töluvert yfir fyrirhugaðan skammt. Hins vegar sýndu gögnin fram á að blandan er skilvirk í minni skammti en nú er leyfður. Samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni benda gögnin til þess að u.þ.b. 3000 XU og 600 BGU/kg fódurs geti mögulega aukið vaxtarhraða og bætt hlutfallið milli þyngdaraukningar og fódurmagns hjá eldiskjúklingum ⁽⁵⁾.
- 4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1091/2009 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1091/2009 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 6.

⁽³⁾ 1 XU er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xylósajafngildi) á mínútu úr xylani úr hafrahismi við pH 5,0 og 50 °C.

⁽⁴⁾ 1 BGU er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (sellóbíósajafngildi) á mínútu úr betaglúkani úr byggi við pH 4,8 og 50 °C.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1919.

VÍÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishata	Aukefni	Samsetning, efnahöfuð, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýrarræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarþetandi efni									
4a9	Aveve NV	Endó-1,4- betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)- betaglúkánasi EC 3.2.1.6	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkánasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49754) með virkni að lágmarki 40 000 XU/g og 9 000 BGU/g</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkánasi, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49754)</p> <p><i>Greiningaraðferð (1)</i></p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins í aukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> litmæling sem byggist á efnahvarfi dinitrósýlsýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan, litmæling sem byggist á efnahvarfi dinitrósýlsýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,3(4)-betaglúkánasa á hvarfefni sem í er betaglúkan, <p>Lýsing á eiginleikum virku efnanna í föðrinu:</p> <ul style="list-style-type: none"> litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabinoxýlani, sem er vixiltengt leysilittum, 	Eldis- kjúklingar	—	3 000 XU 675 BGU		<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Til nota í föður auðugt af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum betaglúkónum og arabinoxýlönnum), t.d. föður sem inniheldur yfir 30% af hveti, byggi, rúg og/öðru rúghveti.</p> <p>3. Vardandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhansa.</p>	4. desember 2019

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ónmur ákvræði	Leyfi rennur út
						Virkniningar/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
			– litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,3(4)-betaglúkánasi leysir úr hvarfefni byggs, betaglúkani, sem er víxltengt leysiltitnum.						

(¹) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives